

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Friðþjófur G. Johnsen f. h. Magnúsar Pálssonar vegna eiganda og vátryggjenda v/b Drifu N.K. 13 og farms hennar, greiði stefnandanum, B. P. Kalman f. h. eigenda og útgerðarmanna v/b Arnar V.E. 173 og skipshafnar hans, kr. 5000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1939 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. október 1941.

Nr. 45/1941. **Réttvísín** (Einar Ásmundsson cand. jur.)
gegn

Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur,
(Sigurður E. Ólason cand. jur.)

Óskari Þóri Guðmundssyni,
Þorbergi Gunnarssyni og

Kristjáni Ingvari Kristjánssyni
(Magnús Thorlacius cand. jur.).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu Ingibjargar Láru varða að nokkru við 257. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og að nokkru við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og ákveðst refsing ákærðu samkvæmt síðarnefndri grein sbr. að nokkru 2. gr. laga nr. 19/1940 6 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Þorbergs Gunnarssonar varða við 257. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst samkvæmt 248. sbr. 2. og 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Kristjáns Ingvars Kristjánssonar varða og við 257. gr. sbr. 2. málslíð 48. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst eftir 248. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. sömu laga 2 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Óskars Þóris Guðmundssonar varða við 257. sbr. 1. málslíð 48. gr. hegningarlaga 1869 og að nokkru við

248. sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og ákveðst refsing hans eftir 248. sbr. að nokkru 2. gr. síðarnefndra laga 2 mánaða fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsingar hinna ákærðu Ingibjargar Láru, Óskars Þóris og Kristjáns Ingvars, og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð VI. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt refsivistar ákærðu Ingibjargar Láru sakir vistar hennar á Kleppi og um réttindasviptingu hennar og ákærða Óskars staðfestast. Brot hinna ákærðu Þorbergs og Kristjáns eru framin áður en hegningarlög nr. 19/1940 komu til framkvæmda, og verða þeir því eigi sviptir í þessu máli réttindum eftir 68. gr. síðarnefndra laga vegna ákvæða 2. gr. þeirra.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestast.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 400. Hinir ákærðu Þorbergur, Kristján og Óskar greiði in solidum verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 400. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústsdóttir sæti 6 mánaða fangelsi og ákærðu Óskar Þórir Guðmundsson og Kristján Ingvar Kristjánsson sæti 2 mánaða fangelsi hvor, en fresta skal fullnustu refsingar þessara þriggja ákærðu og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð VI. kafla hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson sæti 4 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdómsins um frádrátt refsivistar ákærðu Ingibjargar Láru, um réttindasviptingu hennar og ákærða Óskar Þóris og um greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti, cand. jur. Sigurði Ólasyni, 400 krónur. Ákærðu Óskar Þórir, Kristján Ingvar og Þorbergur greiði in solidum verjanda sínum fyrir hæstarétti, cand. jur. Magnúsi Thorlacius, kr. 400. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði hin ákærðu öll in solidum, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Einars Ásmundssonar, kr. 500.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. maí 1941.

Ár 1941 föstudaginn 23. maí var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1083—1086/1941: Réttvisin gegn Ingibjörgu Láru Ágústs dóttur, Þorbergi Gunnarssyni, Kristjáni Ingvari Kristjánssyni og Óskari Þóri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 18. apríl 1941.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Ingibjörgu Láru Ágústs dóttur, frú, Fischerssundi 3 hér í bæ, Þorbergi Gunnarssyni, verkamanni, Tjarnargötu 3 A hér í bæ, Kristjáni Ingvari Kristjánssyni, húsgagnabólstrara, Seljalandi hér í bæ, og Óskari Þóri Guðmundssyni, Klapparstig 27 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústs dóttir er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 15. apríl 1899, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum dómi og kæru:

1923 $\frac{1}{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 18 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 240. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1935 $\frac{4}{10}$ Kærð af Ásgeiri Í. Ásgeirssyni fyrir þjófnað. Hið stolna var 29 króna virði. Kærandinn óskaði þess, að málsókn félli niður og var málinu þannig lokið skv. 6. gr. 2. mgr. laga nr. 51 1928.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. nóvember 1887, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1936 $\frac{2}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 1928 með hliðsjón af 63. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1938 2% Dómur sama réttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928.

1940 $1\frac{1}{11}$ Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaganna nr. 19 1940.

Ákærði Kristján Ingvar Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. júlí 1890, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1930 1% Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $\%$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 $\%$ Kærður fyrir ölvun og óspektir í privat-húsi. Visað frá opinberri meðferð.

1934 $2\frac{1}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir óspektir.

1935 $3\frac{1}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 2% Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 $2\frac{1}{6}$ Kærður fyrir ölvun og heimilisófrið. Látið falla niður.

1936 $2\frac{1}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $1\frac{3}{8}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.

1936 $1\frac{1}{11}$ Kærður af konu sinni fyrir ofbeldi gegn henni. Konan afturkallaði kæruna og geðveikralæknir áleit kærðan heilan heilsu. Málið látið falla niður.

1937 $\%$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Látið falla niður.

1938 $2\frac{9}{10}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $2\frac{1}{12}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1940 2% Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Óskar Þórir Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. júlí 1920, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1939 2% Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1940 1% Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiða-akstur.

Ákærða Ingibjörg Lára er fædd að Hellum í Gaulverjabæjarhreppi og ólst upp þar og að Arnarholti í Flóa hjá afa sínum og ömmu fram undir 18 ára aldur. Var hún síðan í vistum hér í bænnum og á Stóru-Seilu í Glaumbæjarhreppi þar til 1922, að hún fór að Hlíð á Vatnsnesi. Þar kynntist hún Páli Thorberg Jónassyni, sem nú er bifreiðarstjóri hér í bæ, og áttu þau saman tvö börn. Virðast þau hafa búið saman um skeið. en að því kom, að þau skildu, og veturinn áður en ákærða giftist ákærða Þorbergi, stundaði hún sauma í Hafnarfirði. Árið 1927 giftist hún ákærða Þorbergi, sem þá var nýskilinn við konu sína, og stendur það hjónaband enn, en 30. desember 1936 fengu þau skilnað að borði og sæng, og var þá sambúð þeirra að fullu lokið. Þau eignuðust saman

3 börn, sem lifa, eitt barn þeirra fæddist í blóðláti, en tveimur fósturum var eytt að læknisráði. Fjárhagur þeirra var svo erfiður, að þau þágu af sveit mestan sambúðartimann, og samlyndi þeirra var afleitt og heimilisbrag þeirra virðist hafa verið mjög áfátt.

Fyrri hluta ársins 1937 kynntist ákærða Kristján Ingvari, sem sótti marga fundi hennar, og varð hann henni mjög handgenginn, og var með þeim ástasamband um skeið.

Í október 1938 trúlofaðist ákærða ákærða Óskari Þóri, og flutti hann á heimili hennar. Þjuggu þau saman til haustsins 1940, að ákærði Óskar Þórir yfirgaf hana og heitbatzt annarri stúlku.

Á undanförnum árum hefur ákærða rekið allumsvífamikla miðilsstarfsemi, og er nú sannað með eigin játningu hennar, sem er studd af framburðum meðákærðu, vitna og sýnilegum sönnunargögnum, að hún hefur beitt verulegum svikum og blekkingum í þessari starfsemi. Miðilsstarfsemi þessi hefur verið í því fólgin, að láta þá, sem á ákærðu horfðu eða hlýddu á miðilsfundum hennar, sjá ýmis dularfull fyrirbrigði, svo sem útfrymi, líkamninga, svonefnd afholdgunarfyrirbrigði og ljósafyrirbrigði, heyra dularfullt tal, sem koma átti af munni ákærðu frá öðrum heimi, og skyggislýsingar hennar.

Miðilsfundir hennar, þeir, er seldur hefur verið aðgangur að, hafa flestir farið fram í íbúð hennar hér í bænum. Nokkra fundi hefur hún haldið utan Reykjavíkur. Fyrstu árin, sem hún seldi aðgang að fundunum, var aðgangseyrir kr. 2.00 fyrir manninn að öllum fundum, en síðan hefur aðgangseyrir verið kr. 2.00 fyrir manninn á skyggisfundum, en kr. 3.00 fyrir manninn á aðra fundi. Á fundunum hefur ekki ætíð verið sama gestatala, en venjulegast munu gestir hafa verið 10—20, og má því gera ráð fyrir, að tekjur ákærðu af hverjum fundi hafi numið kr. 20.00—60.00, eftir því hve margir sóttu fundinn og hvers konar fyrirbrigði áttu að gerast þar. Annars hefur ákærða ekki getað gert grein fyrir nánar en þetta, hve miklar tekjur hún hafi haft af miðilsstarfsemi sinni, nema það sem sagt verður síðar um uppihald ákærða Óskars Þóris og fé það, er rann til heimilis ákærðu og ákærða Þorbergs Gunnarssonar. Fundina hélt ákærða oftast á kvöldin, en stundum kl. 5 síðdegis. Var sætum í fundarherberginu skipað í hvirfingu, og sat ákærða á stól við dyr, sem lágu úr herberginu inn í íbúð hennar. Þegar gestir voru settir í sæti sín, kom ákærða inn í fundarherbergið og settist í stól sinn. Var ljósið í herberginu síðan slökkt, en skíma var þó í herberginu, því að ljós lifði í loftinu á peru, sem rauðu bréfi var vafið um. Voru síðan sungin nokkur lög, en að því loknu hófust fyrirbrigðin. Þegar þau höfðu staðið nokkurn tíma og talið var, að ákærða væri að fara úr miðilsástandinu, var aftur sungið, en síðan voru ljós kveikt og fundinum lokið. Um þessa starfsemi hefur mikið verið rætt manna á

meðal og um hana deilt, og hafa ýmsir sótt fundina, en eigi hefur ákærða fyrr en í máli þessu kannazt við að hafa beitt blekkingum eða svikum í starfseminni.

Ákærða kveðst frá 18 ára aldri hafa starfað sem miðill, og hafi allt gengið vel og svikalaust fyrst. Var það fyrst eftir hjónaband hennar og ákærða Þorbergs, eftir því sem sannað er, að hún tók að beita svikum. Óvist er hvenær, nákvæmlega tiltekið, svikin sannanlega hófust, en gera má ráð fyrir, að þau hjónin hafi búið saman jafnvel svo árum skipti áður. Fundi hélt ákærða bæði heima hjá þeim hjónum og annars staðar, og var seldur aðgangur, eins og áður er að vikið, að fundunum, sem haldnir voru heima. Um upphaf svikanna ber framburðum hjónanna nokkuð á milli, og verður eigi með vissu um það sagt, hvort þeirra átti fyrstu uppástungu að þeim. Kenna þau hana hvort öðru og eru eigi aðrir til frásagna um það atriði. Segir ákærða, að á meðan á sambúðinni við ákærða Þorberg stóð, hafi sér farið að ganga verr á fundunum, enda hafi hún verið þreytt af heimilislífínu, bæði ósamlyndi og barnafjölda. Hafi hún þá um skeið haldið fundi, sem hún seldi aðgang að, og sem hún segir, að ósvikin sýnileg fyrirbrigði hafi birzt á. Bjóst hún við, að fólk mundi hætta að sækja fundina eða að fundarsókn mundi verða minni, ef ekki birtist þar sýnileg dularfull fyrirbrigði, en hins vegar kom það sér illa fyrir þau hjón fjárhagslega að verða af tekjunum af fundunum. Ræddu þau hjónin þetta atriði, og þó að óvist sé, hvort þeirra stakk upp á að taka að beita svikum við sýnilegu fyrirbrigðin, er víst, að þeim kom saman um að gera það, til þess að tryggja aðsókn að fundunum og þannig að afla tekna. Ákærði Þorbergur hefur að visu haldið því fram, að ákærða hafi með áhrifavaldi sínu og hótunum um ófarir fengið sig til þátttöku í svikumum, en ósannað er, að svo hafi verið. Ákærða virðist þó hafa verið driffjöðrin í þessu, enda framkvæmdi hún sjálf svikin á fundunum. Þau ákváðu að kaupa hvíta slæðu úr þunnum vefnaði, og var það framkvæmt. Einnig útbjuggu þau grimur eða andlitslíkón. Tæki þessi notaði svo ákærða á fundunum til að sýna útfrymis- og líkamningafyrirbrigði. Hélt hún tækjum þessum uppi og hreyfði þau með höndum sínum á fundunum, þegar við átti. Ákærði Þorbergur setti fjalabotn í stól þann, er ákærða sat á á fundunum, þannig að hólf myndaðist undir stólsetunni, og einnig útbjó hann lok framan á stólnum, sem hægt var með hægu móti að opna og loka, og var ekki áberandi á að sjá, þegar það var lokað. Notaði ákærða hólf þetta til að geyma svikatekin í og opnaði það svo í dimmunni á fundinum eftir þörfum og tók úr því tæki og setti þau aftur í það að notkun lokinni.

Meðan hjónin bjuggu saman, hélt ákærða þrjá miðilsfundi, þar sem teknar voru myndir af hinum dularfullu fyrirbrigðum. Tveir

fundanna voru haldnir heima hjá henni, en einn þeirra í Hvítabandshúsinu hér í bænum. Á fundum þessum birtust ekki önnur sýnileg dularfull fyrirbrigði en svikin. Á fundunum, sem haldnir voru heima hjá ákærðu, kom ung dóttir hennar fram á fundunum, og sagði ákærða hana vera líkamning. Höfðu þau hjónin málað hana í framan og klætt á óvenjulegan hátt, og kom hún inn í fundarherbergið eftir að fundur var hafinn og dimmt var orðið þar inni, á augnabliki, sem var fyrirfram ákveðið af þeim hjónunum. Á myndatökufundinum í Hvítabandshúsinu hafði ákærða andlitslíkan og slæðu, er skyldi tákna líkamning, og kom þetta fram á myndinni.

Á árunum 1933 og 1934 var félagsskapur nokkurra manna hér í bænum, sem starfaði að því að halda fundi með ákærðu til að kynnast, hverju hún gæti áorkað sem miðill. Félagsskapur þessi hélt fjölmarga fundi með ákærðu, en ósannað er, að hún hafi beitt svikum á þessum fundum. Hefur ákærða og haldið því fram, að ósvikin, sýnileg, dularfull fyrirbrigði hafi iðulega gerzt á fundum sínum, einnig eftir að hún tók að beita brögðum. Hafi hún í fyrstu gripið til bragðanna, þegar illa gekk með ósviknu fyrirbrigðin, en svo hafi svikin smám saman ágerzt eftir því sem lengra leið, og eftir að hún tók saman við Óskar Þóri, hafi sýnilegu fyrirbrigðin undantekningarlítið verið svik ein og blekking.

Fjárhagur ákærðu og manns hennar, ákærðs Þorbergs, var mjög bágborinn, eins og áður er að vikið, en af fundum ákærðu hafa þau þó haft drjúgar tekjur.

Í árslok 1936 skildu ákærða og maður hennar, ákærði Þorbergur, að borði og sæng og slitu samvistum. Fyrri hluta ársins 1937 tókst kunningsskapur með ákærðu og ákærða Kristjáni Ingvari. Hafði hann af áhuga fyrir sálarrannsóknum sótt marga fundi hjá ákærðu. Varð hann ákærðu mjög handgenginn, og var með þeim ástasamband frá því skömmu eftir að ákærða skildi við ákærða Þorberg og þar til hún tók saman við ákærða Óskar Þóri.

Framan af mun ákærði Kristján Ingvar hafa verið grunlaus um, að ákærða beitti svikum í miðilsstarfsemi sinni. Fyrsti grunur hans um að svo væri vaknaði, þegar hann eitt sinn tók á útfrymi frá ákærðu og fann, að það var viðkomu eins og venjuleg slæða. Þá sýndi ákærða honum eitt sinn tvær eða þrjár myndir, sem teknar höfðu verið á áður nefndum myndatökufundum, og sagði honum, að myndirnar væru af dóttur sinni og það hann að segja ekki frá þessu. Kveðst ákærði Kristján Ingvar ekki hafa viljað trúa því, að um svik væri að ræða, en grunur sinn um það hafi verið mjög sterkur, og eftir að hann eitt sinn gerði við áður umræddan stól ákærðu, segir hann grun sinn hafa nálgast fulla vissu. Óvist er, hvort hann gerði við stólinn fyrir Lundúnaför þá, sem brátt verður að vikið. Hafi ekki verið svo, er vist, að ákærði

hlaut þó að hafa sterkan grun um svikin fyrir Lundúnaforina, en í þeirri för fékk hann fulla vissu um þau. Fyrir Lundúnaforina virðist ákærði hafa setið fundi ákærðu, en ekki verið henni á neinn hátt hjálplegur við svikin né haft neinn hagnað af þeim.

Vorið 1937 tókust samningar með ákærðu og félagsskapnum International Institute for Psychical Research, Ltd. í London, um að ákærða færi til London á vegum félagsins og væri á fundum hjá því um skeið til rannsókna á miðilshæfileikum hennar. Skyldi hún fá friar ferðir báðar leiðir og allt uppihald á leiðunum og í London, og fimm sterlingspund á viku fyrir sex vikna reynslutíma og var áformað að ráða hana lengur fyrir hærna kaup, ef heimsókn hennar bæri góðan árangur. Með henni skyldi vera samfylgdarkona, og átti hún að fá friar ferðir og uppihald, en eigi kaup. Áður en för þessi var farin, ákváðu ákærða og ákærði Kristján Ingvar, að sá síðarnefndi skyldi verða með ákærðu í förinni. Varð það úr fyrir atfylgi ákærðu, að félagið samþykkti, að ákærði yrði með í förinni, og skyldi það greiða ferðakostnað hans og uppihald í London.

Hinn 11. september 1937 var lagt af stað í för þessa héðan úr bænum og komið hingað aftur úr henni 23. október 1937, og tóku ákærða, samfylgdarkona hennar og ákærði Kristján Ingvar þátt í henni. Meðan dvalið var í London, bjuggu þau þar í gisti-húsi. Ákærða var á sex miðilsfundum í London á vegum félagsins, og er sannað með myndum, sem teknar voru á fundunum, að hún hefur beitt svikum með sýnileg fyrirbrigði á þremur fundanna. Á tveimur þeirra notaði hún slæðu og andlitslíkan og á einum slæðu. Einnig notaði hún vasaklút sinn til að láta líta svo út sem líkamningurinn, sem raunverulega var andlitslíkanið og slæðan, hefði yfirskegg. Þá hefur ákærði Kristján Ingvar borið, að ákærða hafi sagt sér, að hún hafi notað nærklæði sin á einum síðari fundanna til að blekkja með við sýnilegu fyrirbrigðin. Ákærða hefur ekki borið á móti, að hún hafi sagt ákærða Kristjáni Ingvari frá þessu, en ekki kveðst hún muna eftir að hafa notað nærklæði sin á þennan hátt. Andlitslíkan það, sem ákærða notaði til blekkinga á Lundúnafundunum, og sem áður greinir, keypti ákærði Kristján Ingvar fyrir hana í London, vitandi til hvers hún ætlaði að nota það. Slæðuna, sem ákærða notaði á fundum þessum, hafði hún með sér héðan, og hefur hún því frá upphafi ferðarinnar verið við því búin að beita svikum í ferðinni. Á myndum, sem teknar voru á fjórum Lundúnafundunum af fyrirbrigðum þeim, sem ákærða stóð að, er sýnilegt, að þær eru allar af svikafyrirbrigðum. Má telja nokkurn veginn öruggt, að öll sýnilegu fyrirbrigðin, sem ákærða stóð að á fundum þessum, hafi verið blekkingar. Félagið greiddi ferðakostnað ákærðu heim og annan um saminn kostnað hennar og samferðakonunni hennar og kaup ákærðu, en eftir

að þau höfðu dvalið í 4—5 vikur í London og forstöðumenn fundanna munu hafa verið orðnir þess visari, að brögðum var beitt, neitaði félagið að greiða frekari dvalar- og ferðakostnað ákærða Kristjáns Ingvars. Varð hann því að kosta dvöl sína í London eftir það og ferð sína heim. Virðist hann því hafa haft fjárhagslegan skaða af för þessari, þó hann í upphafi ætti ekki að þurfa að kosta neinu til ferðarinnar.

Þegar hin ákærðu komu hingað til bæjarins eftir Lundúnaförina, hélt ákærða áfram fundahöldum sínum hér. Var ákærði Kristján Ingvar á nokkrum fundum hjá henni eftir heimkomuna, og sá þar fyrirbrigði, sem hann var viss um að voru blekking. Kveðst hann hafa farið á fundi þessa eftir beiðni ákærðu um að sitja fundina.

Eftir Lundúnaförina — ákærða Kristján Ingvar minnir að það væri vorið 1938 — hélt hann tvær opinberar samkomur í Varðarhúsinu hér í bænum og eina í Hafnarfirði, þar sem hann sýndi skuggamyndir af fyrirbrigðum, sem gerzt hefðu á fundum ákærðu, bæði hér og í London. Lýsti hann myndum þessum eftir forskrift ákærðu, svo sem þær væru af ósviknum dularfullum fyrirbrigðum, og vissi hann þó, að svo var ekki a. m. k. um verulegan hluta þeirra. Þá bar hann mikið lof á ákærðu á samkomum þessum fyrir miðilshæfileika hennar og hinn „framúrskarandi góða árangur“, sem hún hefði náð á Lundúnafundinum. Aðgang að samkomum í Reykjavík seldi ákærði á kr. 1.00 fyrir manninn og á fyrri samkomunni var fullt hús, en færri á hinni síðari. Af þessum samkomum hér í bænum hafði ákærði 100 króna ágóða. Af Hafnarfjarðarsamkomunni urðu litlar tekjur. Að lokinni annarri samkomu ákærða í Varðarhúsinu hélt ákærða þar miðilsfund, og var ákærði þar við dyravörzlu. Þá var ákærði einu sinni eða tvisvar dyravörður á fundum ákærðu um þetta leyti og fékk fimm króna þóknun fyrir það í hvort skipti. Einnig smíðaði hann bekki fyrir ákærðu í fundarherbergið fyrir þóknun. Annan fjárhagslegan hagnað en þann, sem nefndur hefur verið, hafði ákærði Kristján Ingvar ekki í sambandi við ákærðu, og ekki eggjaði hann hana til svika né tók sjálfur þátt í framkvæmd svikanna. Hann var þó á fundum ákærðu eftir að hann vissi um svikin og sat næstur henni og tók nokkrum sinnum við aðgangseyri fyrir hana.

Fundum ákærðu og ákærða Óskars Þóris bar fyrst þannig saman, að hann fór á fund til ákærðu hér í bænum. Hann var hrifinn af því, sem á fundunum gerðist og tók að sækja þá að staðaldri, og grunaði ekki, að svik væru í tafla. Hann tók svo að venja komur sínar til ákærðu og eiga vingott við hana, og í október 1938 fluttist hann á heimili hennar og bjó með henni þar til í september 1940, að hann fór frá henni og trúlofaðist annarri stúlku. Meðan hann bjó með ákærðu, hafði hann sjálfur engar tekjur, heldur lifði hann

á fé ákærðu, er hún aflaði með því að selja aðgang að miðilsfundum sínum. Er meðal annars upplýst, að ákærða lagði honum til fé til allmikilla fatnaðarkaupna, meðan þau bjuggu saman.

Meðan sambúð þeirra stóð, hélt ákærða tíðum fundi og segir hún sýnilegu fyrirbrigðin á þeim fundum undantekningarlítið hafa verið svikin. Eftir að sambúð þeirra hófst, kom ákærði Óskar Þórir að jafnaði á fundi ákærðu, tók við aðgangseyri að þeim og stjórnaði söngnum, en óvist er, hvort hann sat fundina að jafnaði til enda. Þegar sambúð þeirra hafði staðið um skeið — sennilega fram á veturinn 1939—1940 — komst ákærði að því, að ákærða beitti svikum á fundi. Þegar hann ræddi um þetta við hana, játaði hún fyrir honum svikin og sýndi honum svikatakinn. Eftir þetta fór ákærði að draga úr fundarsókn sinni, og þegar leið á síðari hluta vetrar 1939—1940 hætti hann að sækja fundi. Hann hélt þó áfram að búa með ákærðu og hafa framfæri sitt af tekjum hennar af fundunum, og sumarið 1940 fór hann með henni í ferðalag til Akureyrar og Stykkishólms, þar sem hún hélt fundi og beitti sömu svikunum og lýst hefur verið. Hefur ákærða þó haldið fram, að hún hafi ekki beitt svikum á öllum fundunum, sem haldnir voru á þessum stöðum. Flesta þessa fundi sat ákærði, tók við inngangseyrinum og aðstoðaði við sönginn.

Ákærði bjó svo með ákærðu fram í september 1940, sem áður segir, og lifði af tekjum hennar, en flutti þá frá henni fyrir fullt og allt og hætti að þiggja fjárhagsaðstoð hennar.

Frásagnir ákærðu og ákærða Óskars Þóris um þátt hins síðarnefnda í svikunum eru mjög sín á hvorn veg. Heldur ákærða því fram, að hann hafi hvatt sig til að nota slæðuna til svika, beinlínis aðstoðað sig á fundum við framkvæmd sjálfra svikanna, hvatt sig mjög til fundahalda og verið mjög frekur til tekna af fundunum, en ekkert viljað vinna sjálfur fyrir sér. Öllu þessu hefur ákærði neitað, og þar sem staðhæfingar hvorugs þeirra um þetta eru sannar, verður vafinn að koma ákærða Óskari Þóri í hag og hans frásögn að leggjast til grundvallar, enda er lýsing atvika hér að framan samkvæmt frásögn hans.

Hið sama á og við um þætti ákærðu, Þorbergs og Kristjáns Ingvars. Hefur ákærða borið á þá frekari sakir, sérstaklega hinn fyrrnefnda, en þeir hafa viljað kannast við, en frásagnir þeirra verða að leggjast til grundvallar.

Eftir brottför ákærða Óskars Þórs af heimili ákærðu, hélt hún áfram fundahöldum, en hinn 18. október 1940 tókst Sigurði Magnússyni, löggæzlumanni, að staðreyna, að hún hafði svik í frammi, en hann hafði þá um alllangt skeið gert sér far um að komast að hinu sanna um ráðvendni ákærðu í miðilsstarfseminni, og hófst þá hinn 22. sama mánaðar réttarrannsókn málsins.

Auk svika þeirra með slæðum og andlitslíkönum sem lýst hefur

verið, hefur ákærða kannast við að hafa beitt svikum við svonefnd ljósafyrirbrigði. Voru þau þannig, að hún setti vasaljós innan í slæðurnar og lýsti þær upp, og var talið, að ljós þessi væru yfirnáttúrleg.

Þá hefur ákærða játað, að tal það, sem heyrðist á fundum, þegar hún beitti brögðum með líkamningana, hafi verið sér sjálfrátt. Sagði hún þá nöfn þeirra framliðinna, er hún vildi láta fundarmenn halda að birtust sem líkamningar í það og það skipti, og hvislaði þá eða mælti fram einsatkvæðisorð eða stuttar setningar.

Stundum hafa fundarmenn þótzt sjá dýralíkamninga birtast á fundum ákærðu. Ekki hefur ákærða kannast við að hafa viljandi hagrætt svikatakjum sínum þannig, að þau gæfu hugmynd um dýr, en hugsanlegt segir hún, að fundarmenn hafi ímyndað sér, að dýr birtust, þó að hún gerði ekkert til þess.

Ákærða hefur skýrt frá því, að stundum, veturinn 1939—1940, hafi hún orðið að bæla niður í sér hláturinn á svikafundunum, því sér hafi þótt hegðun fundarmanna svo brosleg. Ákærða hefur undir allri rannsókn málsins eindregið haldið því fram, að allt tal sitt og allar raddir, sem frá sér hafi heyrzt á miðilsfundunum, meðan hún var í miðilsástandinu, hafi verið ósvikið. Þar fyrir utan er vítanlega tal hennar á svikafundunum, sem áður var að vikið. Enn fremur hefur hún eindregið haldið því fram, að skyggnilýsingarnar og afholdgunarfyrirbrigðin hafi verið ósvikin og sömuleiðis að hin sýnilegu fyrirbrigði, er birtust á fundunum, hafi iðulega, og þá sérstaklega framan af miðilsstarfsemi sinni, verið sér ósjálfráð og ósvikin.

Þessar staðhæfingar ákærðu um hæfileika sína hafa ekki verið afsannaðar í málinu.

Ákærða hefur á undanförunum árum haft húsnæði á kostnað bæjar sjóðs Reykjavíkur. Hefur hún framfleytt sér, börnum sínum og ákærða Óskari Þóri, meðan þau bjuggu saman, a. m. k. að nokkru leyti á tekjunum af fundunum, sem voru meira og minna sviknir. Auk þess runnu drjúgar tekjur til heimilis ákærðu og ákærða Þorbergs af fundunum. Fjárhæðir er eigi unnt að nefna í þessu sambandi, en nokkurn veginn má gera sér grein fyrir tekjunum meðan ákærða og ákærði Óskar Þórir bjuggu saman af því, sem áður er greint um fundarsókn og aðgangseyri, og því, að fundir voru haldnir mjög oft, stundum á hverju kvöldi.

Er ákærða var um það spurð, hvort hún hefði haldið fundi, sem hún beitti svikum á, eftir 12. ágúst 1940, svaraði hún, að hún myndi ekki fundatöluna, en þeir hefðu verið fásóttir. Þessu breytti hún þó þegar og hélt því fram, að fundurinn 18. október, sem áður er á minnzt, hafi verið eini svikafundurinn eftir 12. ágúst 1940, og verður að ganga út frá því.

Dr. med. Helgi Tómasson, yfirlæknir, hefur framkvæmt ýtarlega

rannsókn á geðheilbrigði ákærðu, og segir svo í niðurstöðu álits-skjala hans:

„Álit mitt á frú Láru Ágústsdóttur er þetta:

Hún er hvorki fáviti né haldin ákveðnum geðsjúkdóm. Hún hefur verið flogaveik, hefur fengið „stór“ köst (krampa með meðvitundarmissi) og „smá“ köst (petit mals), þ. e. ýmiss konar meðvitundarbreytingar, sem henni var bent á, að mundi vera „miðils-ástand“. Síðar, er lífskjör hennar verða erfiðari, notfærir hún sér, meira og minna visvitandi, þá „þekkingu“, sem hún vegna þessa sjúkdóms hefur fengið af annarlegu meðvitundarástandi, sér til framdráttar og nautnar.

Heildaryfirlit.

Það er um að ræða litt menntaða, félagslega lágt setta konu, siðferðislega ágallaða, sem lifir við sult og seyru, oftast á sveitarinnar kostnað að einhverju leyti, við hibýlaprengsli, í óhamingjusömu hjónabandi og öldugangsástalífi. Hún hefur frá unga aldri haft flogaveikistilhneigingar (petit mals), þ. e. ýmiss konar meðvitundarbreytingar og a. m. k. nokkrum sinnum fengið „stór“ flogaveikisköst með krampa og meðvitundarmissi. Henni er af mikilsmetnum leikmönnum bent á, að köstin séu miðilsástand, og byrjað að smádekra við tilfellið hjá henni. Stóru köstin virðast hafa smáhorfið hjá henni (eins og oft vill verða með aldrinum og er hún fer að verða iðulega ófrisk). En smáköstin halda áfram (eða ágerast síðar?). Oftast nær eru þau svo nefnd „hæg þokuvitund“ þ. e. a. s. óljós meðvitundarbreyting, sem kemur oftast nær allsnögglega, getur staðið frá nokkrum mínútum upp í nokkra kl., en sjúklingurinn hefur ekki minni um ástandið eftir á, eða „svikaminni“, þ. e. a. s. einstök atriði, sem eins og „standa upp úr“, og sjúklingurinn tengir þau saman eins og honum finnst líklegast. Slikt þokuvitundarástand getur framkallast af hugsunum, óskum eða ótta, sem sjúklingurinn hefur í eðlilegu vakandi ástandi, og það, sem fram kemur hjá sjúklingnum í þokuvitundinni, er háð þessum hugsunum, óskum eða ótta sjúklingsins úr vöku.

Stundum getur þokuvitundin verið „psykogen“ eingöngu (hysterisk, þannig að um samhliða truflun við flogaveikina sé að ræða). Þau tilfelli standa venjulega skemur, nokkrar mínútur, það, sem sjúklingurinn aðhefst, má venjulega skýra á sama hátt og þegar um flogaveikisþokuvitundina er að ræða. Í þannig þokuvitundarástandi getur maður því „framleitt“ ýms „fyrirbrigði“, að því er virðist óafvitandi, sem maður áður hefur verið búinn að hugsa sér, hefur óskað eða óttast. Virðist mér þetta skýra mikið af því, sem hjá henni hefur verið talið „miðilsástand“.

„Miðilsástandið“ verður smám saman allverulegt atvinnuspursmál fyrir konuna, og henni oft um að gera að komast í það, hvort

sem hún gat eða ekki. Jafnframt var henni það að ýmsu leyti nautn, t. d. að verða átrúnaðargoð margra betri borgara.

Hún lýsir aðdragandanum að „miðilsástandinu“ gersamlega röngum og er svo margsaga um margt af því, sem þá á að hafa fram farið, að ekki virðist unnt að taka mark á því, enda er hún framúrskarandi talhlýðin og reiðubúin að segja sannarlega ósatt upp í opið geðið á manni. En ósannsögli, trúarhræsni, vantandi sjálfsgagnrýni og aukið sjálfssálit eru skapgerðareiginleikar, sem talið er að verði sérstaklega oft vart með flogaveikum er frá liður.“

Undir rannsókn málsins var ákærða í gæzluvarðhaldi frá 22. til 29. október s. l., og ákærðu Þorbergur og Kristján Ingvar frá 22. til 26. október s. l. Þá var ákærða frá 31. október til 22. desember s. l., samkvæmt úrskurði lögregluréttarins á geðveikrahælinu Kleppi undir rannsókn dr. med. Helga Tómassonar.

Staðreyndir máls þessa hafa nú verið raktar í aðalatriðum, en þess ber að geta, að eigi hefur verið farið út í fjölda af hinum smærri atriðum málsins, þar sem þess virðist eigi þörf hér.

Eins og áður segir, verður eigi talið sannað, að ákærða hafi beitt visvitandi brögðum í sambandi við sum fyrirbærin, sem gerðust á fundum ákærðu, og kunna í þeim að hafa lýst sér einhvers konar svonefndir miðilshæfileikar. Var eigi saknæmt að selja aðgang að fundunum, ef einungis þessi fyrirbæri hefðu gerzt þar. Hins vegar hefur ákærða með svikum þeim, sem lýst hefur verið, vakið eða styrkt rangar eða óljósar hugmyndir fundargesta um hæfileika ákærðu og þar með stuðlað að því, að menn sæktu fundi hennar og greiddu aðgangseyrinn, sem, þó eigi næmi miklu á mann í hvert skipti, hefur numið verulegri fjárupphæð á svikafundunum samanlagt. Þó að sum fyrirbærin kunni að hafa verið ákærðu ósjálfráð og það jafnvel á sömu fundunum og svikafyrirbærin gerðust, voru hin sýnilegu fyrirbæri svo verulegt atriði í starfsemi ákærðu, að telja verður, að fundarsóknin hafi oltið mjög á að þau gerðust, enda áleit ákærða og a. m. k. ákærði Þorbergur, að svo væri.

Ber sérstaklega að átelja það framferði ákærðu á svikafundunum, að telja fundarmönnum trú um, að framliðnir menn, jafnvel ástvinir fundarmanna, birtust þar og töluðu við fundarmenn.

Er það álit réttarins, að ákærða hafi með svikum sínum gerzt ek við hin almennu hegningarlög. Varðar svikafundurinn 18. október s. l. við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fyrri svik hennar við sömu grein sbr. 2. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hennar eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár. En rétt þykir að láta vist hennar á geðveikrahælinu Kleppi frá 31. október s. l. til 22. desember s. l. koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Atferli ákærðu Þorbergs og Kristjáns, eftir að hann vissi um svikin, varða við 248. sbr. 2. gr. hegningarlaganna.

Atferli ákærða Óskars Þóris, eftir að hann vissi um svikin; varðar við 248. gr. hegningarlaganna, sbr. að mestu 2. gr. sömu laga.

Þar sem að ákærði Þorbergur hefur þrisvar frá árinu 1936 verið dæmdur til refsinga, eins og áður segir, ber í þessu máli að ákveða honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. hegningarlaganna, og þykir hann hæfilega ákveðinn fangelsi í 6 mánuði.

Refsingar hvors hinna ákærðu, Kristjáns Ingvars og Óskars Þóris, þykja hæfilega ákveðnar fangelsi í 4 mánuði.

Fullnustu refsinga ákærðu Kristjáns Ingvars og Óskars Þóris þykir eftir atvikum rétt að fresta, og niður skulu þær falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 6. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu Ingibjörgu Láru og Óskar Þóri kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Linnet, fyrrverandi bæjarfógeta, kr. 150.00.

Ákærðu Þorbergur og Kristján Ingvar greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00.

Ákærði Óskar Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Sigurðar Ólasonar, kr. 100.00. Annan kostnað sakarinnar ber að dæma hin ákærðu til að greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Ingibjörg Lára Ágústsdóttir sæti fangelsi í 1 ár, en tíminn frá 31. október til 22. desember 1940 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði Þorbergur Gunnarsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu Kristján Ingvar Kristjánsson og Óskar Þórir Guðmundsson sæti hvor 4 mánaða fangelsi.

Fullnustu refsinga þeirra Kristjáns Ingvars og Óskars Þórs skal þó fresta, og niður skulu þær falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 6. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin. Ákærðu Ingibjörg Lára og Óskar Þórir eru svipt kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða Ingibjörg Lára greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Linnet, fyrrverandi bæjarfógeta, kr. 150.00. Ákærður Þorbergur og Kristján Ingvar greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdm. Gunnars E. Benediktssonar, kr. 150.00. Ákærði Óskar Þórir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdm. Sigurður Ólasonar, kr. 100.00.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1941.

Nr. 72/1941. **Réttvísinn** (Theodór B. Lindal)
gegn

Valdimar Jóhannssyni (Pétur Magnússon).

Brot gegn ákvæðum 95. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur héraðsdómsins þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að refsingin þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, þó þannig að refsing ákærða, Valdimars Jóhannssonar, ákveðst 30 daga varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindals og Péturs Magnússonar, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1941.

Ár 1941 laugardaginn 23. ágúst var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2527/1941: Réttvísinn gegn Valdimar Jóhannssyni.